

**113** 8. júní. — Fyrir álíkum beiðslum frá öðrum sýslum, þar sem jafnmikil eða álík harðindi munu hafa gengið sem í Borgarfjarðarsýslu og má ekki veita einni sýslu meiri hjálp úr viðlagasjóði en svo, að unnt verði, að sama skapi, að hjálpa öðrum sýslufjelögum, sem eins er ástatt fyrir. Af þessum ástæðum get jeg sem stendur að eins heitið sýslunefndinni svo miklu láni, sem hún, að fluguðum öllum ástæðum, og að fengnu samþykki amtsráðsins, treystir sjer til að endurborga á 10 árum, og að ávaxta með 4 af hundraði árlega, allt með því skilyrði, að viðlagasjóðurinn sje fær um að láta sýslunni lánið í tjei, án þess að láta önnur sýslufjelög, er eins kynni að vera ástatt fyrir, sitja á hakanum.

**114** 26. júní. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um ályktunarvald sýslunefndar. — Með brjefi frá 22. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer eptirrit eptir brjefi yðar s. d. til oddvita sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, þar sem þjer, samkvæmt 7. grein tilskipunar frá 4. maí 1872 um sveitastjórn, hafið fellt úr gildi fyrst um sinn ályktun sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu frá 30. marz þ. á. um, að fiskiveidasamþykktir þær fyrir Reyðarfjörð, Norðfjörð og Fáskrúðsfjörð, er sýslunefndin 15. septbr. 1880 samþykkt, um 1 ár, skyldu halda gildi sínu, þangað til að þeim væri breytt á þann hátt, sem lög 14. desbr. 1877 mæla fyrir, og um, að oddvita sýslunefndarinnar skyldi falið að birta þetta í stjórnartíðindum, og hafið þjer þar að auki samkvæmt 37. grein tilskip. 74. maí 1872, lagt málið undir úrskurð minn.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt ástæðum þeim, er til greindar eru í brjefi yðar frá 22. f. m. til oddvita sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu, staðfesti úrskurð þann, er þetta brjef inniheldur, og er því hin fyrrnefnda ályktun sýslunefndarinnar frá 30. marz þ. á., að öllu leyti úr gildi felld.

**115** 26. júní. — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um laun hreppstjóra. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 5. þ. m. vil jeg tjá yður, að það að mínu áliti sje óhætt samkvæmt 1. og 15. grein laga 13. janúar þ. á. (A. 3) og ráðgjafarbrjefi frá 22. febr. þ. á. (B. 60) að greiða hreppstjórum á manntalsþingum þessa árs þóknun fyrir tímabilið frá 1. jan. til fardaga þ. á., er nemi <sup>157/365</sup> af 1 kr. eða 43 a. fyrir hvern búandi mann innanhrepps, sem býr á jörð eða jarðarparti, sem metinn sje til dýrleika eigi minna en 5 hundruð eptir gildandi jarðarmati.

**116** 26. júní. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hallærislán. — Með brjefi dagsettu í gær hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skýrslu frá sýslumönnunum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og í Dalasýslu um hallæri og hungursneyð, er vöfa virðist yfir sýslubúum þeirra, ef eigi verður reynt að reisa þar skordur við með skjótri hjálp; hafið þjer getið þess í brjefinu, að á amtsráðsfundi þeim, sem kveðið sje á, að halda í Stykkishólmi 18. júlí næstkómandi, muni samkvæmt tilsk. 4. maí 1872, 39. gr. verða um það rætt, hvað gjöra beri í þessu efni; en jafnframt hafið þjer tekið fram, að yður þyki óvíst, að mál þetta þoli svo langan drátt, en að yður virðist það áriðandi, að sýslumönnunum yrði frá því skýrt með póstskipisferð þeirri til vesturlandsins, er hjeðan hefst 2. júlí, hværrar aðstoðar þeir megi vænta sjer af landstjórnar-

innar hálfu, svo að sem fyrst verði unnt að gjöra ráðstöfun til að hagnýta sjer hjálpinu. **1161**  
 Þjer hafid því lagt það til, að sýslunefndum í þessum sýslum verði nú þegar tilkynnt, að 26. júní.  
 þær geti átt kost á að fá lán úr viðlagasjóði, til að afstýra hallæri, með þeim kjörum, er  
 stjórnin og alþingi síðar kveða á um, sjer í lagi að Dalasýslu verði heitið allt að 4000  
 króna láni, ef amtsráðið samþykkir svo háa lántöku, og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu  
 með sama skilyrði allt að 10,000 króna láni.

Út af þessu vil jeg nú fyrst vísa til brjefs míns dags. 8. þ. m., og hef jeg þar,  
 út af áþekkri beiðni frá sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu, tekið þær reglur fram, er  
 jeg álit mjer skylt að fylgja, það er til lána kemur úr viðlagasjóði sýslufjelögnum til  
 handa, til að afstýra hallæri; en þessu næst vil jeg tjá yður það, herra amtmaður, til þókn-  
 anlegrar leiðbeiningar, og svo að þjer birtið þeim það, er hjer eiga í hlut, að jeg er fús  
 á að veita sýslunefndunum í Dalasýslu og Snæfellsness-sýslu lán þau, er þjer, herra amt-  
 maður, hafid lagt til, með kjörum þeim, er um getur í tjeðu brjefi mínu frá 8. þ. m.  
 svo fremi amtsráðið í vesturumdöminu veitir samþykki sitt til lántökunnar, svo sem til  
 er skilið í tilsk. 4. maí 1872, 39. gr. og 43. gr.

Jeg bæti því við, að þær sem mjer þykir mig heimild bresta til, að taka frekar  
 til eigna viðlagasjóðsins, hefi jeg í dag ritað ráðgjafanum og lagt það til við hann, að  
 sakir hallæris-háska þess, sem vofi yfir ýmsum hlutum landsins á komanda vetri, verði  
 sjerstaklegar ráðstafanir gjörðar um hjálp þá, sem nauðsyn verður álitid að veita sýslu-  
 fjelögnum úr landssjóði.

Jafnframt þessu tel jeg mjer skylt að leiða athygli sveitavalda þeirra, er í hlut  
 eiga, að vandkvæðum þeim, er reynslan hefur áður sýnt, að lodað hafa við lán þau, er  
 landstjórnin hefir veitt sveitarfjelögum til að afstýra hallæri — og bið jeg yður, herra  
 amtmaður, að brýna fyrir sveitarvöldum þeim, er í hlut eiga, amtsráði, sýslunefndum og  
 hreppsnefndum, að gæta hinnar mestu varkárni, sem þeim er unnt, bæði að því, er til  
 lánsupphæða þeirra kemur, er þau reyna að útvega hverju sveitarfjelagi um sig, og eins  
 í því, hversu lán þessi verði hagnýtt, og hversu þeim verður niðurskipt, og loks um það,  
 hversu þau geti greidd orðið aptur í ákveðinn gjalddaga. Því að reynslan hefir fyllilega  
 sýnt, að um tjeð 3 atríði hafa hin einstöku sveitarfjelög sýnt það skeytingarleysi, sem  
 eigi má framar eiga sjer stad, eptir að sveitarfjelögnum með tilsk. 4. maí 1872 hefir  
 veitt verið allrúmt vald til að stjórna sjálf málefnum sínum — en þessu aukna sjálfstjórn-  
 arvaldi verður og samfara tilsvarendi ábyrgð —; enda má og hjá slíku komast, ef tjeð  
 sveitarvöld gæta skyldu sinnar.

Í þessu efni vil jeg drepa á það, að hallæri það, er nú vofir yfir ýmsum hjeruð-  
 um landsins er auðvitað að miklu leyti að kenna óáraninu, en að nokkru leyti má þó  
 einnig kenna það forsjáleysi því og vanhygni, sem margir þeirra, sem tjón hafa beðið,  
 hafa sýnt í því, að takmarka ekki skepnu ásetningu sína hæfilega eptir grasbresti þeim, sem  
 var í fyrra. Mjer virðist því, sem nú væri tilefni til, að sveitarfjelögin bindu þá hjálp, sem  
 þau álíta nauðsynlegt að veita einstökum sveitarmönnum til að afstýra hallæri, því skilyrði,  
 að sjerhver sá, sem slíka hjálp fær af sveitinni, gangist undir að hlíta forsjá hrepps-  
 nefndar sinnar um skepnuásetning sína framvegis, þannig, að ásetning sú verði gjör eptir  
 þeim reglum, er hver hygginn búmaður ætti ávallt að fylgja.

Þessa bending fel jeg sveitarstjórnarvöldum þeim, sem í hlut eiga, til vandlegr-  
 ar ihugunar, og er jeg þess fullvis, að þau munu gjöra allt sitt til, eigi að eins að ráða  
 fram úr vandræðum þessum nú í svipinn, heldur og til þess, — að svo miklu leyti sem  
 mannlegt megu fær orkað — að afstýra því að áþekk vandræði beri framvegis að höndum.

1161 Brjefi þessu læt jeg fylgja bönarbrjef frá hreppsnefndunum í Þingeyrarhreppi og  
26. júní. Mýrahreppi í Ísafjardarsýslu um styrk áþekkan þeim, sem áður er getið, og skora jeg á  
yður, herra amtmaður, að senda það, samkvæmt 39. gr. tilsk. 4. maí 1872, sýslunefnd-  
inni í Ísafjardarsýslu til frekari ráðstöfunar, og vil jeg leiða athygli yðar að því, að æski-  
legt væri, að tillögur sýslunefndarinnar bæði um þessi lán og önnur, er nauðsynleg kynnu  
að virðast í þessari sýslu, gætu orðið lagðar fyrir amtsráðið á fundi þess 18. júlí næstkom-  
andi; einnig væri æskilegt, að þar gætu og orðið ræddar áþekkar lánbeiðslur úr Mýrasýslu  
og Barðastrandarsýslu, ef þeirra er þaðan von.

Að því leyti er tjeðar hreppsnefndir beiðast þess, að stjórnin annist um að kaupa  
korn erlendis og senda það hreppunum, bið jeg yður, herra amtmaður, að tjá  
hreppsnefndunum, að jeg verð að ætla það rjettast, að sýslunefndirnar sem í hlut eiga,  
annist sjálfar um allar slíkar útveganir, og að stjórnin að eins gefi þeim kost á lánunum  
þeim, sem nauðsynleg eru í þessu efni, með þeim kjörum, sem áður er ávikíð.

#### EMBÆTTAVEITING.

24. júní var Rafnseyrarprestakall í Vestur-Ísafjardar prófastsdæmi veitt prestinum að Lundi í  
Borgarfirði sra Þorsteini Benediktssyni.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881

12. gr. A. b. 1.

Helgastáðaprestakalli í Suðurþingeyjarprófastsdæmi veittar 100 kr., er við dauða prestsins á  
Stöð í Suðurmúlaprófastsdæmi stóðu eftir óborgaðar af þeim styrk, er áður hafði verið lagður því  
prestakalli.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

voru samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Mýrasýslu (sbr. landshbr. 25. jan. þ. á. B. 5.) um að  
styrkja lærisvein á búaðarskólanum á Stend í Noregi með . . . . . 80 kr.  
veita báfræðingi frá kennslustofnuninni í Ólafsdal til verkferakaupa . . . . . 60 —  
um að kaupa jarðyrkjuverkfæri til útbýtingar milli hinna einstöku hreppsnefnda . . . . . 210 —

13. gr. A. b. 2.

Þeim uppbótum, er með brjefi 24. febr. þ. á. (B. 34.) höfðu verið lagðar Lundar, Gufudals og  
Kirkjubólspingaprestaköllum, var nú, með því að embætti þessi höfðu losnað, skipt þannig, að  
Stóruvellir . . . . . fengu (aok áður veittra 100 kr.) . . . . . 200 kr.  
Staður í Grindavík — ( — — — 200 kr.) . . . . . 100 —  
Staður í Grunnavík — ( — — — 150 kr.) . . . . . 100 —

13. gr. A. b. 5.

Með því að prestsekkja Helga Eiríksdóttir á Narfastöðum, er með brjefi 20. febr. þ. á. (B.  
30) hafði verið veittur 80 kr. styrkur, andadist 22. marz næst á eftir, var þessari upphæð úthlutað þann-  
ig, að prestsekkja Sigríður Bjarnadóttir í Hvammi fengi auk áður veittra 42 kr. 40 kr.  
Halldóra Jónasdóttir á Grimsstöðum auk áður veittra 40 kr. . . . . 40 kr.

alls 80 kr.

16. gr.

Jóni stúdent Þórarinssyni var veittur 600 kr. styrkur til að ferðast til Þýskalands og  
Englands og mentast þar svo, að hann geti veitt forstöðu einhverjum af þeim alþýðuskólum, sem í  
ráði er að stofna samkvæmt ályktun hins síðasta alþingis um skólamáli.

Fornleyfajlaginu voru veittar 300 kr. til að gefa út árbók fjelagsins þ. á., og til ítarlegri  
rannsóknar á fornmenjum í Vestfirðingafjórðungi.

#### ÓVEITT SÝSLUN.

Arnarstapa og Skógarstran dar umboð og hefir umboðsmaðurhaft í laun sjóttung ( $\frac{1}{10}$  eða  
 $16\frac{2}{3}\%$ ) af jarðagjöldum þeim, er hann hefir innheimt.

Sá sem umboðið verður falið, er skyldur að standa landssjóði skil í peningum eftir verðags-  
skrá á öllum þeim gjöldum, er hann innheimtir, þó þau sjeu greidd honum í landaurum. Bönarbrjef  
eiga að stílast til landshöfðingja, en sendast amtmanni yfir suður- og vesturumdæminu fyrir 20. ágúst. þ. á.